

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sagaplast Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	22.6.2012	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sagaplast	Fulltrúi UST	
Heimili	Réttarhvamur 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	611293-2169	Flokkur	Úrgangur
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór R. Gíslason	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsemi rekstraraðila var að þessu sinni eilítið óvenjuleg þar sem flutningar milli starfsstöðva stóðu yfir, en ekki voru staðfest nein frávik frá löggjöf eða starfsleyfi í eftirlitinu. Ein athugasemd er gerð þar sem bæta þarf merkingar spilliefnailáta. Eldri starfsstöð er að sumu leyti óheppileg til meðhöndlunar spilliefna og er svo að sjá að ný starfsstöð sé mun heppilegri, sérstaklega m.t.t. mengunarvarna. Gera má ráð fyrir að nýtt starfsleyfi taki gildi á næstu vikum

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir úrbætur úr fyrri eftirlitum, gr. 8 í reglugerð nr. 806/1999 um meðhöndlun spilliefna, en greinin fjallar um merkingar á ílátum undir spilliefni, praktískar hliðar merkinga sem og nýtt og eldra starfsleyfi rekstraraðila lítillega. Eldri og ný starfsstöð rekstraraðila var skoðuð ásamt Maríu Markúsdóttur frá Heilbrigðiseftirliti Norðulands eystra. Flutningar milli starfsstöðva stóð yfir.

## ATHUGASEMDIR

Í síðustu reglubundnueftirlitsheimsókn sem fram fór 10.11.2011 var frávik varðandi merkingar á ílátum spilliefna staðfest. Frávikið varðaði að merkingar vantaði eða þeim var ábótavant. Merkingar voru til staðar nú en þær þarf að bæta. Merkingar verða að vera fastar á ílátum og þola bleytu.

## ANNAÐ

Umhverfisstofnun hefur borist staðfesting á að ábyrgðaraðili með spilliefnum hafi farið á námskeið í meðferð þeirra. Einnig hefur stofnunin fengið afrit af verklagsreglum rekstraraðila um móttöku og meðhöndlun úrgangsflokka og viðbragðsáætlun vegna óhappa. Nýtt starfsleyfi Sagaplasts ehf er í burðarliðnum. Kynningu á starfsleyfisdrögum lauk 4. júlí sl. og má gera ráð fyrir að starfsleyfið verði gefið út innann fátta vikna

Reykjavík, 08.08.2012

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.